

Auðarskóli - skólaliði

Auðarskóli auglýsir eftir að ráða í stöðu skólaliða við grunnskóladeild Auðarskóla frá og með 15. ágúst 2018. Um er að ræða 100% stöðu.

Umsóknarfrestur er til 22. júní 2018

Helstu verkefni eru starf með börnum í gæslu og þrif á skólanum. Unnið er samkvæmt starfslýsingu skólaliða.

Hæfniskröfur eru færni í samskiptum, frumkvæði í starfi, sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð og stundvísi

Upplýsingar um starfið veitir Hlökkver Ingi Gunnarsson skólastjóri Auðarskóla í síma 430 4757. Umsóknir berist á netfangið hlodver@audarskoli.is.

Timbur og járngrámar í dreifbýli.

Timbur- og járngrámar verða staðsettir í dreifbýli með sama sniði og undanfarin ár.

Saurbær, Skarðströnd og og Fellsströnd (Ytra fell)	28. júní - 5. júlí
Fellsströnd (Valþúfa), Hvammssveit og Laxárdalur	5. júlí - 12. júlí
Haukadalur og Miðdalir	12. júlí - 19. júlí.
Hörðudalur og Skógarströnd	19. júlí - 26. júlí.

Hreinsun rótþróa

Árleg hreinsun rotþróa fer fram síðari hluta júnímánuðar. Sumarið 2018 verða hreinsaðar rótþróa í Laxárdal, á Skarðsströnd og í Saurbæ. Sumarið 2019 verður hreinsað á Skógarströnd, í Hvammssveit og á Fellsströnd og sumarið 2020 í Hörðudal, Miðdölum og Haukadal.

Söfnun dýrahraeja

Farið verður um og dýrahraejum safnað norðan girðingar á miðvikudögum og sunnan girðingar á fimmtudögum í sumar.

Nauðsynlegt er að búið sé að panta fyrir hádegi á þriðjudögum. Ef engin pöntun hefur borist fyrir þann tíma verður ekki farin ferð þó pantanir berist síðar í vikunni, heldur geymt fram í næstu viku. Bændum er bent á að panta strax og þörf er á, því bætt verður á vagninn ef rými er, en að öðrum kosti flyst pöntunin yfir á næstu viku.

Panta þarf á netfangið vidar@dalir.is eða í síma 894 0013.



DALAPÓSTURINN

10. tölublað, 11. árgangur

20. júní 2018

Sögurölt um fornleifar í Ólafsdal

Byggðasafn Dalamanna og Sauðfjársetur á Ströndum ákváðu í vetur að leggja saman krafta sína og skipuleggja sameiginlega göngur í sumar. Í fyrrasumar var boðið upp á fjölbreyttar göngur hjá báðum söfnunum, en í sumar er stefnan sett á styttri göngur og meiri sögur, þ.e. sögurölt um Dali og Strandir.

Fyrsta söguröltið verður í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands og Ólafsdalsfélagið mánudaginn 25. júní kl. 19:30 að fornleifauppgreftri í Ólafsdal. Í fyrra fundust rústir af skála frá 9.-10. öld framarlega í Ólafsdal. Fornleifauppgroftur hófst þar um miðjan júní og nú þegar er komið ýmislegt í ljós.

Gangan hefst á hlaðinu í Ólafsdal og er rétt um kílómetur hvora leið. Gengið verður undir leiðsögn Birnu Lárusdóttur fornleifafræðings. Staldráð verður við á áhugaverðum stöðum á leiðinni að rústum skálans. Við skálarústirnar verður sagt frá byggingunni, vinnubrögðum við fornleifarannsóknir og nálægar rústir skoðaðar. Á bakaleiðinni er hægt að ganga hvort sem er sömu leið til baka (15-20 mínútur) eða fara niður með ánni sem er örlítið lengra.

Er hér um gott tækifæri að sjá fornleifar á heimavelli. Allir eru velkomnir í þetta rölt með okkur, aðgangseyrir er að mæta í góðu skapi.

Gott er að hafa í huga að vegurinn um Holtahlíð er ekki hraðbraut, auk þess sem þar eru ær og lömb meðfram veginum. Keyrið því varlega.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur